

Áveitan

4. tbl. 7. árgangur. Apríl 2013

Sumardagurinn fyrsti

Ungmennafélagið Vaka mun að vanda halda sumardaginn fyrsta hátíðlegan og ber þennan hátíðisdag nú uppá fimmtudaginn 25. apríl. Hátíðarhöldin hefjast með víðavangshlaupinu sem verður ræst stundvíslega klukkan 13:30 á Þjórsárbökkum. Skráning fer fram á staðnum og það er um að gera að mæta tímanlega til þess að hlaupið geti farið af stað á réttum tíma.

Að hlaupi loknu mun hefjast létt og skemmtileg hátíðardagskrá í Þjórsárveri þar sem leikdeild Umf. Vöku verður í forgrunni.

Leikdeildin á um þessar mundir 10 ára afmæli en það var 5. apríl árið 2003 sem deildin frumsýndi sitt fyrsta verk, Gullna hliðið. Að þessu tilefni mun leikdeildin sýna tvo stutta leikþætti auk þess sem sýndar verða ljósmyndir úr starfi deildarinnar. Kaffiveitingarnar verða í hátíðlegri kantinum í tilefni dagsins svo enginn ætti að vera svikinn af því að gera sér ferð í Þjórsárver að hlaupi loknu. Viðurkenningaskjöl fyrir hlaupið verða að sjálfsögðu afhent eftir kaffi. Þess má geta að á staðnum verður baukur þar sem fólki gefst tækifæri á að styrkja starf deildarinnar með frjálsum fjárframlögum. Vonandi sjá sem flestir sér fært að mæta og fagna sumrinu með okkur.

Stjórn Umf. Vöku



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Ársreikningur

Ársreikningur Flóahrepps fyrir árið 2012 hefur verið lagður fram til fyrri umræðu á fundi sveitarstjórnar.

Á fundinn mætti Auðunn Guðjónsson endurskoðandi hjá KPMG og fór yfir reikninginn.

Samkvæmt ársreikningi er rekstrarniðurstaða jákvæð um 54,4mkr.

Skýrsla um starfsaðstöðu Krakkaborgar.

Höfundar álitserðar um starfsaðstöðu Krakkaborgar, þau Trausti Þorsteinsson og Hólmfríður Árnadóttir, hafa kynnt skýrslu sína fyrir sveitarstjórn og fræðslunefnd.

Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu Flóahrepps, www.floahreppur.is

Skólastefna Flóahrepps

Vinna við skólastefnu Flóahrepps er nú langt komin og þann 20. mars s.l. var blásið til fundar í Þjórsárverri þar sem íbúar gátu komið sínum skoðunum á framfæri um stefnuna.

Þátttakendur við gerð skólastefnu eru fræðslunefnd, æskulýðs- og tómstundanefnd, starfsfólk beggja skólastiga og svo íbúar Flóahrepps. Hrönn Pétursdóttir hefur stýrt vinnu við gerð skólastefnunnar. Stefnt er að því að skólastefnan verði tilbúin í maí n.k.

Vinnuskóli

Auglýst er eftir unglingum fæddum 1997, 1998 og 1999 með lögheimili í Flóahreppi, til vinnu í sumar við Vinnuskóla Flóahrepps.

Vinnuskólinn verður starfræktur frá 3. júní til 18. júlí og geta unglingar valið um sex vikur innan þessa tímaramma.

Unnið verður 4 daga vikunnar, mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9.00-16.00

Tekið er á móti skráningum á skrifstofu sveitarfélagsins til mánudagsins 22. apríl n.k. í síma 480-4370 frá kl. 9.00-13.00 eða með tölvupósti á netfangið gudrun@floahreppur.is

Flokkstjóri Vinnuskóla

Auglýst er eftir flokkstjóra/flokkstjórum fyrir Vinnuskóla Flóahrepps. Viðkomandi þarf að vera orðinn 18 ára og hafa bílpróf. Reynsla af starfi með unglingum er æskileg.

Umsóknum má skila á skrifstofu sveitarfélagsins til mánudagsins 22. apríl n.k. með tölvupósti á netfangið floahreppur@floahreppur.is

Reglur um úthlutun menningarstyrks

Minnt er á reglur um úthlutun styrkja til menningarmála í sveitarfélaginu sem kynntar voru í síðustu Áveitu. Sjá einnig <http://www.floahreppur.is/2013/02/styrkur-til-menningarmala/>

Umsóknum má skila til skrifstofu Flóahrepps fyrir 15. apríl n.k. eða á netfangið floahreppur@floahreppur.is, merkt menningarstyrkur.

Hvatastyrkir

Minnt er á hvatastyrki og styrki til æfinga- og keppnisferða en umsóknum þarf að skila fyrir 1. maí. <http://www.floahreppur.is/stjornsysla/samthykkir-og-reglur/>

Vegna Fjörs í Flóa sem haldið verður dagana 30. maí – 2. júní

Gæludýr:

Undirbúningsnefndin auglýsir eftir smádýrum til að hafa til sýnis á Fjör í Flóa, kettlinga, hvolpa, hænuunga, kanínur og hvað eina sem ykkur dettur í hug. Ef þið eruð svo elskuleg að vilja lána smádýrin ykkar til sýnis hafi þá samband við neðangreinda aðila sem fyrst.

Sölubásar

Viljum við minna á að hægt er að vera með ýmiskonar handverk til sýnis og sölu þessa daga, þó nokkrir eru þegar búnir að hafa samband en það er pláss fyrir fleiri.

Þeir sem áhuga hafa fyrir því að vera með sýningar eða sölubása eru beðnir um að hafa samband við neðangreinda aðila sem fyrst.

Annýju Ingimarsdóttur - sími 486-3487/861-8368 anny@isart.is

Ingibjörgu Einarsdóttur - sími 691-7082 langsstadir@simnet.is

Úrslit af Héraðsleikum

Héraðsleikar í fjálsfum 10 ára og yngri fóru fram á Hvolsvelli laugardaginn 2. mars síðastliðinn. Þjótandi átti 11 keppendur á mótinu sem voru allir klæddir í Þjótandabol þannig að það verður að segjast að liðið okkar var glæsilegt á vellinum. Átta ára og yngri kepptu í liðakeppni í þrautabraut sem samanstóð af 8 þrautum og þar var það heildarárangur alls liðsins sem skipti máli. Keppendur í þrautabraut frá Þjótanda stóðu sig allir mjög vel og söfnuðu mörgum stigum. Nöfn þeirra eru:

Auðunn Ingi Davíðsson

Oddur Olav Davíðsson

Bjarki Freyr Guðmundsson

Daði Kolviður Einarsson

Hjalti Geir Jónsson

Sigurjón Reynisson

Viðar Hrafn Victorsson

Liðsstjóri var þjálfari strákanna, Örvar Rafn Hlíðdal.

Í flokkum 9 og 10 ára var keppt í hefðbundnum greinum og árangur okkar fólks var eftirfarandi.

Sæþór Atlason '04	Langstökk án atrennu	1,80m	1. sæti
	Skutlukast	14,8m	2. sæti
	30m hlaup	5,69s	1. sæti
Einar Skeggjason '04	Langstökk án atrennu	1,44m	11. sæti
	Skutlukast	9,4m	10. sæti
	30m hlaup	7,32s	13. sæti
Unnsteinn Reynisson '03	Hástökk	0,90m	15. sæti
	30m. hlaup	6,51s	13.-14. sæti
	Kúluvarp	5,70m	8. sæti
	Langst. án atr.	1,63m	11. sæti
Victor Örn Victorsson '03	Hástökk	0,80m	17. sæti
	30m. hlaup	7,26s	19. sæti
	Kúluvarp	4,18m	18. sæti
	Langst. án atr.	1,46m	17. sæti

Við vonumst svo að sjálfsgöðu til að sjá þessa stráka á héraðsleikum utanhúss sem haldnir verða í Þorlákshöfn í sumar. Að lokum viljum við svo hvetja stelpur sérstaklega til að koma og keppa á næsta móti til að rétta af kynjahlutfallið ☺

SLEIFIN-KVÖLDVAKA

Nú er komið að hinni árlegu kvöldvöku kvenfélaganna þriggja í Flóahreppi.

Hún verður haldin í Þjórsárveri, fimmtudaginn 2. maí kl. 20.30.

Dagskrá er ekki fullmótuð, en að venju verður eitthvað skemmtilegt á dagskrá og auðvitað hinar ómissandi veitingar!

Við hvetjum konur til að mæta og eiga saman skemmtilega og góða kvöldstund.

Við hlökkum til að sjá ykkur!

Stjórn og skemmtinefnd Kvenfélags Villingaholtshrepps.

Tökum að okkur allar gerðir mannvirkja
Nýsmíði, viðhald, breytingar
Erum með traktors- og beltagröfu

Kríutangi ehf.

Vorsabæ

Stefán Helgason Húsasmíðameistari

S: 8934933

Skógræktardeild Samhygðar 20 ára

Stofnfundur Skógræktardeildar U.M.F.Samhygðar var haldinn 18. febrúar 1993, þannig að deildin er 20 ára á þessu ári. Stofnfélagar voru 21, félagatala hefur verið frá 20 til 25 á þessum 20 árum. Allir sem hafa áhuga á skógræktarmálum geta orðið félagsmenn í deildinni.

Í maí 1952 hóf Ungmennafélagið Samhygð trjáplöntun í Timburhólum á um 1 hektara spildu úr landi Efri – Gegnishóla, sem félagið fékk afnot af. Síðan árið 2000 fékk Skógræktardeild Samhygðar afnot af viðbótarlandi hjá þeim systkinum í Efri-Gegnishólum, Guðbjörgu, Óskari, og Karli Þorgrímsbörnum og síðan Hildi og Braga er þau eignuðust Efri-Gegnishóla, þannig að nú er heildarstærð skógræktarinnar 3,82 hektarar. Vöxtur var mjög lítill fyrstu áratugina, en á seinni árum hefur orðið mikil breyting á og er vöxtur mjög góður með hlýnandi veðurfari.

2 upplýsingarskilti eru í Timburhólum, annað fyrir eldri hlutann en hitt fyrir nýrri hlutann. Minnisvarði er um Ásgrím Jónsson listmálara frá Rútsstaða – Suðurkoti. Minnisskjöldur er um Pál Bjarnason frá Gerðum, en afkomendur hans færðu deildinni peningagjöf til minningar um Pál á stofn-ári deildarinnar.

21. september 2008 var svo afhjúpaður minnisvarði um Stefán og Guðfinnu í Vorsabæ. Lágmyndin á minnisvarðanum er gerð af Siggú á Gund og við hlið minnisvarðans var reist fánastöng. Sigurður Guðmundsson í Sviðagörðum hannaði og smíðaði gönguhlið við hann.

Inni í eldri girðingunni er áningarstaður, steingrill og borð með sætum. Göngubraut er að grillinu úr yngri girðingunni.

Þetta er það helsta sem hefur gerst á 20 ára sögu deildarinnar. Fleira mætti eflaust nefna, svo sem tilhögun á gróðri og plöntun, en læt þetta duga að þessu sinni.

Fyrir hönd Skógræktardeildar U.M.F. Samhygðar.
Helgi Stefánsson, formaður.

Aðalfundur Skógræktardeildar Samhygðar verður haldinn í Félagslundi fimmtudaginn 18. apríl kl. 21 (í félagaherbergi)

Dagsskrá
Venjuleg aðalfundarstörf,
Kaffveitingar.
Allir velkomnir.

ADALFUNDARBOÐ

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Gaulverjabæjarhrepps verður haldin fimmtudaginn 11. apríl 2013 að Ferðapjónustunni Vatnsholti og hefst stundvíslega klukkan 20.30.

Á dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundastörf.

Hvetjum félagsmenn til að mæta og bjóðum nýja félaga velkomna. Kaffi og meðlæti selt á staðnum.

Stjórnin

Frá Hraungerðiskirkju

Fermingarmessa sunnudaginn 14. apríl kl. 13.30. Fermdir verða Hannes Höskuldsson og Hólmar Höskuldsson, Stóra-Ármóti. Prestur sr. Gunnar Kristjánsson, kór kirkjunnar syngur, organisti er Ingi Heiðmar Jónsson.

Aðalfundur Skógræktarfélags Villingaholtshrepps

verður haldinn í húsi Skógræktarfélags Árnesinga að Snæfokstöðum þriðjudagskvöldið 9. apríl n.k.

Eftir venjuleg aðalfundarstörf og kaffi er líklegt að einhver frá Skógræktarfélagi Árnesinga muni fara með okkur í göngutúr um skóginn.

Eflaust verður það fróðleg og skemmtileg ganga enda skógurinn mikill og fallegur. Við viljum hvetja félagsmenn og aðra áhugamenn um skógrækt að mæta á fundinn. Nýir félagar alltaf velkomnir.

Við ætlum að sameinast í bíla við Þjórsárver kl 19:30. Fundurinn byrjar kl 20:00.

Stjórnin.

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps

var haldinn í Þjórsárverri 10 mars s.l. Á dagskrá var kosning nýs formans og fl. Sólveig Þórðardóttir Skúfslæk var kjörin formaður og tekur hún við góðu búi af Valgerði Gestsdóttur Mjósynði, sem verið hefur formaður okkar í 6 ár.

Lilja Böðvarsdóttir Urriðafossi var kjörin varaformaður.

Sigrún Hrefna Arnardóttir Skyggnisholti og Rósa Matthíasdóttir Mörk 13 koma nýjar og ferskar inn í skemmtinefnd.

Eydís Eiríksdóttir Kolsholti verður okkar fulltrúi í haustferð eldri borgara.

Kristín Stefánsdóttir Hurðarbaki sýndi okkur útsaumaðan kassa undir sálmanúmerin í kirkjunni, en hann útbjó hún m.a. úr efnisafgöngum frá sessusauminum okkar s.l vetur, kassanum er lokað með ýsubeini .

Valgerður þakkaði konum hlýhug í sinn garð og afhenti borðfána félagsins til þeirra kvenna sem ekki áttu. Klappað var fyrir nýjum formanni og 2 nýir félagar voru teknir inn ☺

Opið hús 8. maí

Elfa í Rimum 6, ætlar að bjóða okkur heim miðvikudaginn 8. maí kl. 20:30.

Endilega fjölmennum og munum að taka með okkur veitingar á kaffiborðið.

Rætt verður um tilhögun á Fjöri í Flóa!

Árgjöld

Mínum á að þær konur sem eiga eftir að borga árgjald kvenfélagsins fyrir árið 2013, geta lagt inn á neðangreindan reikning. Einnig er eitthvað um ógreidd árgjöld frá árinu 2012. Árgjaldið er óbreytt eða 2000 kr.

0152-26-012971

Kt: 560692-2189

Kær kveðja, Bryndís Ólafsdóttir, gjaldkeri

Sími: 661 5031

Opið fjárhús og köttur í óskilum

Föstudaginn 19. apríl milli kl. 15 og 17 munu ábúendur á Hurðarbaki hafa til sýnis nýbyggt fjárhús. Húsið var tekið í notkun í haust með nýjum fjárstofni úr Örafum. Allir áhugasamir velkomnir og kaffi á könnunni.

Á sama stað er í óskilum svartur fullorðinn fressköttur. Hvítur á afturlöppum og framan á hálsi. Þeir sem telja sig þekkja gripinn eru vinsamlegast beðnir um að vitja hans fyrir 10. apríl.

Frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps

4. apríl.

Opið hús verður hjá Rögnu á Dverghamri fimmtudagskvöldið 4. apríl n.k. kl. 20.00. Fjölmennum og eigum saman góða kvöldstund.

29. apríl.

Súpufundur verður mánudagskvöldið 29. apríl n.k. kl. 20.00 í Félagslundi. Kvöldstund í anda kvenfélagsins, spjall og skemmtun. Nýir félagar hjartanlega velkomnir. Súpa og aðrar laufléttar veitingar. Stjórnin.

Leiklistarskóli Bandalags íslenskra leikfélaga

Búið er að opna fyrir umsóknir í bandalagsskólann svokallaða sem er rekinn á hverju sumri af Bandalagi íslenskra leikfélaga. Hægt er að fara og nema leiklist, leikstjórn og leikhandritun og kennsla fer fram dagana 8.- 16. júní næstkomandi. Skólinn hefur verið lofaður af þeim sem hafa sótt hann og margir sækja í að fara þangað aftur og aftur. Við í stjórn leikdeildar Vöku hvetjum alla áhugasama til þess að skoða málið. Frekari upplýsingar má finna á www.leiklist.is og einnig má senda formanni leikdeildar Vöku fyrirspurnir á netfangið guo22@hi.is

Fréttir frá aðalfundi Kvenfélags Hraungerðishrepps

Aðalfundur félagsins var haldinn 5. mars sl. og var það á 80 ára afmælisdegi félagsins. Fundinn sátu 25 konur. Í skýrslu stjórnar kom fram að starfið hefur verið svipað og undanfarin ár. Farið var t.d. í skemmtiferð 19. júní, sumarbústaðaferð í haust, tekið þátt í Fjör í Flóa, hlúð að eldri borgurum og margt fleira mætti nefna. Einnig gáfum við gjöf til Leikskólans Krakkaborgar í tilefni að 80 ára afmæli félagsins.

Á fundinum urðu formannsskipti Veronika Narfadóttir hætti eftir 3 ára formennsku, í hennar stað var kjörin Ingibjörg Einarsdóttir. Varaformaður var kjörin Jónína Einarsdóttir. Bryndís Snorradóttir situr áfram sem ritari og Gunnur Gunnarsdóttir sem gjaldkeri.

Nefndarskipan er svohljóðandi:

Skemmtinefnd: Betzy Marie Davíðson, Sigurbára Rúnarsdóttir og Þórhildur Rúnarsdóttir.

Fjáröflunarnefnd: Elínborg Högnadóttir, Svanhvít Hermannsdóttir og Þuríður Einarsdóttir.

Eldriborgaranefnd: Margrét Kristinsdóttir.

Ferðanefnd: Ásdís Finnsdóttir, Hafdís Hafsteinsdóttir og Ingunn Jónsdóttir.

Rekstrarstjórn félagsheimilanna: Elín Magnúsdóttir.

Yfirdúkari: Jónína Einarsdóttir.

Umsjón hakkavélar: Ingibjörg Einarsdóttir.

Þess má geta að tvær konur gengu í félagið, þær Elsa Björnsdóttir og Katrín Þóroddsdóttir

Viljum við hvetja handverksfólk til að nýta sér tækifærið og verða með sýningar og/eða sölubása á Fjör í Flóa. Einnig viljum við minna konur á að safna tombóludóti.

Að lokum óskum við ykkur gleðilegs sumars.

Stjórn Kvenfélags Hraungerðishrepps.

Aðalfundur Búnaðarfélags Gaulverjabæjarhrepps

Aðalfundur Búnaðarfélags Gaulverjabæjarhrepps verður haldinn í Félagslund milli mánudaginn 8. apríl kl. 13:30. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf. Félagar hvattir til að mæta. Kaffiveitingar í boði félagsins.

Stjórnin

Flóahlaup UMF Samhygðar

35. Flóahlaup UMF Samhygðar hefst kl. 14:00 við Félagslund laugardaginn 13. apríl.

Keppt verður í 3 km hlaupi stráka og stelpna 14 ára yngri, 5 km opnum flokki karla og kvenna og 10 km hlaupi kvenna 39 ára og yngri, 40-49 ára og 50 ára og eldri. 10 km hlaupi karla 39 ára og yngri, 40-49 ára, 50-59 ára, 60-69 ára og 70 ára eldri.

Verðlaun eru veitt fyrir þrjá fyrstu í hverjum flokki auk þess sem allir fá verðlaun fyrir þátttöku.

Skráningargjald 1.000 kr fyrir 14 ára og yngri og 2.000 kr fyrir 15 ára og eldri. Einungis skráð á staðnum. Ath. að greiða verður með peningum, enginn POSI á staðnum.

Innifalið í skráningargjaldinu er síðan kaffihlaðborð að hlaupi loknu.

Allir áhugsamir eru hvattir til að koma og taka þátt. Eins eru hjálpfúsar hendur vel þegnar til aðstoðar við framkvæmd hlaupsins.

Aðalsafnaðarfundur!

Aðalsafnaðarfundur Gaulverjabæjarsóknar verður haldinn sunnudaginn 21. apríl n.k. að lokinni messu í Gaulverjabæjarkirkju sem hefst kl. 14.00.

Venjuleg aðalfundarstörf. Farið verður yfir starf síðasta árs, reikninga kirkjunnar og kirkjugarðs og kosið í sóknarnefnd.

Við vonumst til að sjá sem flesta í kirkjunni og á fundinum á eftir. Sóknarnefnd.

Pistillinn

Jæja nú verður ekki hjá því komist að tylla sér á botninn og hripa nokkur orð á blað í Áveituna og vil ég byrja á því að þakka henni Hugrúnu Geirsdóttur fyrir áskorunina.

Fyrir þá sem ekki vita heiti ég Tómas Karl Guðsteinsson fæddur og uppallinn á Egilsstöðum 2 í Flóahreppi, og sem stendur nem ég líffræði við Háskóla Íslands. Í líffræðinni lærir maður margt og öðlast maður nýja sýn á hlutina sem þykja svo sjálfsagðir í okkar daglega umhverfi. Hvort sem það eru ærnar sem maður sér út í fjárhúsi eða blómin út í garði.

Gott dæmi um það var þegar eitt skiptið er ég geng inn í kennslustund í grasafærði og þar ég sé hvar kennarinn hefur raðað á kennaraborðið ýmsum tegundum berja. Þar á meðal voru t.d. kirsuber, jarðaber og krækiber. Þegar nemendur voru búnir að koma sér fyrir í stofunni segir kennarinn við okkur: „Jæja krakkar í dag ætlum við að skoða ber” og í sömu andrá sópar hann öllum berjunum af borðinu ofan í fötu og kemur henni frá. Í kjölfarið skellti hann körfu á borðið sem innihélt; gúrku, tómata, appelsínur, banana og ýmsar gerðir grænmetis og ávaxta, og sagði: „Þetta sem ég er með í körfunni hjá mér núna kallast ber – þetta sem þið sáuð á borðinu áðan voru ekki ber” óhætt er að segja að þetta hafi vakið mikla undrun meðal nemenda að sjá „venjulegt” grænmeti og ávexti eins áður var nefnt liggja þarna á borðinu. En þetta virtist þó raunin og flokkast allt sem var í körfunni sem ber samkvæmt ströngum fræðilegum reglum. Hin venjulegu ber, sem maður hefði haldið, falla víst undir “steinaldin”.

Þennan sama dag, til þess að hneyksla okkur enn frekar, fór kennarinn að tala um erfðabreytt matvæli og voru sumir frekar en aðrir nemendur með sterkar skoðanir á þeim málum. Eftir samræður við kennarann komumst við að því að ótrúlega mikið af hinum hefðbundnu ávöxtum sem við neytum dags daglega er erfðabreyttur. Stór hluti ávaxtanna er erfðabreyttur á þann veg að innihalda ekki steina eða fræ. Þar ber hæst að nefna stein eða frælaus vínber, appelsínur, mandarínur og banana. Hin náttúrulegu afbrigði innihalda öll steina eða fræ í ávextinum til að geta fjölgað sér. Upprunalegi bananinn er t.d. óætur sökum fjölda steina sem í honum eru og er aðeins á lengd við meðalstórann mannsfingur. Segja má að viðhorf mitt á erfðabreyttum matvælum hafi gjörbreyst þennan dag og í raun sjónarhorn mitt á ávöxtum og grænmeti.

En nóg komið af staðreyndum, mig langar að segja ykkur af örlítið af samskiptum mínum við mýs. Það var snemma einn morguninn þegar líða tók á sauðburð, ég hef verið svona um 8 ára aldurinn, sem ég fór að gå til kinda en ekki bólaði á neinni kind þannig ég fór að gefa hey á garðann. Þegar ég var búinn að gefa og ætlaði að henda méli í lambféð sé ég að tveir

músarungar höfðu dottið ofan í méltunnuna. Að sjálfsögðu klófesti ég þá í litla fötu og hélt af stað heim og ætlaði sko að sýna pabba og mömmu (aðallega pabba), en svo skemmtilega vill til að honum karli föður mínum er ekkert allt of vel við mýs og vissi ég af foreldrum mínum í bælinu þar sem þau höfðu verið seint á fótum sökum sauðburðar um nóttina. Þegar ég var kominn inn í svefnherbergi foreldra minna með músafötuna og var við að fara vekja pabba til að sýna honum veiðina vaknaði mamma við innkomuna og var ekki lengi að senda mig út. Þannig ég fékk ekki að sjá viðbrögð pabba þann daginn.

Seinna fékk ég heldur betur góð kynni af “dálæti” föður míns á músum. Þá hef ég verið kominn rétt undir tvítugt og var að koma heim á föstudagskveldi rétt eftir miðnættið. Þegar ég er lagstur á koddann heyrir ég að það dettur eitthvað niður úr gluggakistunni í herberginu mínu. Ég hugsaði ekkert meira út í það fyrr en ég fer að heyra óvanalegt skráf í herberginu og komst ég þá að þeirri skelfilegu niðurstöðu að sennilega væri um mús ræða. Ég stökk af stað og vakti pabba til að fá ráðleggingar um hvað skyldi gera og í þann mund er hann stígur fæti inn í herbergið mitt, skýst mús undan rúminu. Á þeim tímapunkti sem ég og pabbi stöndum báðir uppi rúminu, tæpri sekúndu eftir að við stigum inn í herberið og sáum músina, áttaði ég mig á því að ég hefði sennilega hefði ég fengið eitthvað í arf af “músa-dálætinu” hans pabba. Til að gera langa sögu stutta hafðist að veiða músina í stígvél, en um leið og við snúum okkur við sigri hrósandi skýst önnur mús á milli lappana á okkur. Þá hófst sami eltingaleikur en einnig hafðist að veiða þá mús í stígvél. Ekki féllu mörg hlýleg orð í garð músa það kvöldið og óhætt er að segja að mömmu hafi verið mjög svo skemmt að sjá okkur karlmennina á heimilinu á nærhaldinu ýmist standandi á gólfinu eða í rúminu með kútsköft og stígvél að veiða mýs.

Að lokum vil ég óska lesendum Áveitunnar gleðilegs sumars og vil ég skora á Örvar Rafn Hlíðdal að skrifa næsta pistil.

Tómas Karl Guðsteinsson

Aðalfundur Flóakorns ehf. 2013

Aðalfundur Flóakorns ehf verður haldinn í Þingborg miðvikudagskvöldið 10. apríl kl 20:30.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin

Fréttir frá Krakkaborg

Það er allt gott að fréttu af okkur í Krakkaborg. Veðrið í vetur hefur hentað okkur vel og því hafa útivist og gönguferðir farið lítið úr skorðum í vetur. Börnin kvarta nú samt yfir snjóleysi og finnst það ósanngjarnt að búa á Íslandi og það snjóí ekki almennilega á veturna. Snjóboturnar okkar góðu hafa lítið verið notaðar í vetur og snjókarla- og snjóhúsagerð hefur verið í sögulegu lágmarki. Foreldrarnir eru hinsvegar mun sáttari við þetta snjóleysi.

Síðustu vikur hafa páskaþingir verið okkur ofarlega í huga og hafa börnin verið að kynna sér íslenska páskaþingingu og fönðra páskaþingur og listaverk. Eitt af skemmtilegustu verkefnum var að mála súkkulaðimyndir, en þá fengu börnin gulan pappír, pensil og skál af bræddu súkkulaði í hendurnar. Það var gaman að fylgjast með börnunum prófa sig áfram með þessa nýstárlegu málningu og sérstaklega fannst börnunum gaman að fá að smakka aðeins á.

Við fengum góða gesti í lok marsmánaðar en þá komu þeir Birgir Hartmannsson og Þórður Þorsteinsson í heimsókn til okkar í Krakkaborg og léku fyrir okkur nokkur lög á harmonikku. Þessi heimsókn er hluti af átaki sem nú fer fram um allt land á vegum Sambands íslenskra harmonikkuunnenda og nefndist „Hvað ungur nemur, gamall temur“. Heimsókn þessi var mjög skemmtileg, við slógum upp alvöru harmonikkuballi og það var mikið dansað og sungið. Við þökkum þeim Birgi og Þórði kærlega fyrir þessa skemmtilegu heimsókn.

Elstu börn leikskólans fara í sínar reglulegu heimsóknir í Flóaskóla og nú eftir áramót eru heimsóknirnar á tveggja vikna fresti. Börnin fara frá leikskólanum að morgni og koma aftur eftir hádegismat. Í Flóaskóla fá þau að kynnast ólíkum námsgreinum og eru í verkefnavinnu með yngstu bekkjunum. Í byrjun maí er svo vorskóli þar sem börnin fara í heimsókn í Flóaskóla í eina viku og kynnast starfinu, starfsfólkinu og umhverfinu enn frekar.

Næst á dagskrá hjá okkur í Krakkaborg er að fara að huga að vorinu. Það styttest í sumardaginn fyrsta og upp úr því förum við að gera matjurtagarðinn okkar klárann, förum í vorhreingerningu á útisvæðinu okkar og færum starfið í leikskólanum meira út í góða veðrið.

Með kveðju,
Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir
Aðstoðarleikskólastjóri, Krakkaborg

Glimufréttir:

Bikarglíma Samhygðar

Æfingatímabilinu fer senn að ljúka. Æft verður á mánudögum og fimmtudögum fram til 22. apríl en þá verður lokahnykkurinn tekinn á vettarstarfinu með Bikarglímu Samhygðar sem glímd verður á æfingatíma í Félagslundi kl. 16. Foreldrar og aðrir áhugasamir eru hvattir til að fylgjast með mótinu þar sem keppt verður flokkaskipt og verðlaun veitt fyrir þrjú efstu sæti.

Marín Laufey glímudrottning í þriðja sinn

Marín Laufey Davíðsdóttir sigraði örugglega í Íslandsglímu kvenna sem fór fram í Iðu á Selfossi 23. mars. Hún sigraði alla sína andstæðinga án neinna vandkvæða og hlaut hún einnig verðlaun fyrir fegurstu glímuna. Guðrún Inga Helgadóttir tók þátt í sinni fyrstu Íslandsglímu og endaði 5. sæti af sex keppendum með 1,5 vinning. Stefán Geirsson tók þátt í Íslandsglímu karla og endaði þar í 5. sæti af 12 keppendum með sjö vinninga.

Grunnskólamót Íslands og sveitaglíma fóru einnig fram í Iðu þann 23. mars. Þorgils Kári Sigurðsson varð grunnskólameistari í léttari flokki pílta í 9. bekk, Jón Gunnþór Þorsteinsson hafnaði í 3. sæti þyngrri flokki 9. bekk. Hanna Kristín Ólafsdóttir sigraði í 9. bekk stúlkna. Í sveitaglímunni glímdu Þorgils og Jón í A og B sveitum HSK sem öttu kappi í flokki 15-16 ára stráka. Þorgils fór fyrir A sveitinni sem sigraði í þeim flokki en B sveit HSK hafnaði í 2. sæti.



Frá UMF Baldri:

Þingborgarmót

Hið árlega Þingborgarmót fer nú að nálgast þar sem Umf. Baldur, Umf. Skeiðamanna, Umf. Samhygð og Umf. Vaka keppa. Mótið er fyrir krakka sem eru 16 ára og yngri og er keppt í aldursflokkum. Mótið verður haldið í Þingborg þann 1. maí og hefst stundvíslega kl.10:00 í Þingborg. Ágætt væri að mæta örlítið fyrir og hita vel upp fyrir þetta skemmtilega mót. Fjölmennið krakkar og munið að skráning er á staðnum.

Að lokum

Félagið er með Facebooksíðu undir nafninu Ungmennafélagið Baldur Hraungerðishrepp. Endilega gerist vinir okkar þar og fáið fréttirnar beint í æð.

Dagskrá mánaðarins

Glímuæfing eldri	4. apríl
Opið hús hjá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhr	4. apríl
Íþróttaskóli 2-6 ára í Félagslundi	6. apríl
Glímuæfing	8. apríl
Aðalfundur Búnaðarfélag Gaulverja	8. apríl
Æfing eldri	9. apríl
Aðalfundur Skógræktarfélags Villingah.hr	9. apríl
Aðalfundur Flóakorns ehf.	10. apríl
Glímuæfing eldri	11. apríl
Aðalfundur Hrossaræktarfélags Gaulverja	11. apríl
Flóahlaupið	13. apríl
Íþróttaskóli í Félagslundi –útitími	13. apríl
Fermingarmessa í Hraungerðiskirkju	14. apríl
Glímuæfing	15. apríl
Æfing eldri	16. apríl
Glímuæfing eldri	18. apríl
Aðalfundur Skógræktardeildar Samhygðar	18. apríl
Opið fjárhús á Hurðarbaki	19. apríl
Messa og aðalsafnaðarfundur Gaulverjabæ	21. apríl
Bikarglíma Samhygðar	22. apríl
Umsóknarfrestur í vinnuskóla rennur út	22. apríl
Æfing eldri	23. apríl
Víðavangshlaup og skemmtun í Þjósárverri	25. apríl
Íþróttaskóli 2-6 ára í Félagslundi	27. apríl
Súpufundur Kvenfélags Gaulverjabæjarhr.	29. apríl
Æfing eldri	30. apríl
Þingborgarmótið	1. maí
Kvöldvaka kvenfélaganna	2. maí